



ÁRSSKÝRSLA 2023

GEÐHEILSUTEYMI HH AUSTUR

GEÐHEILSUTEYMI HH SUÐUR

GEÐHEILSUTEYMI HH VESTUR



EFNISYFIRLIT

<u>Þjónusta og þróun</u>	<u>3</u>
<u>Þjónustusvæði Geðheilsuteymanna</u>	<u>4</u>
<u>Sameiginleg tölfræði</u>	<u>5</u>
<u>Námskeið Geðheilsuteymanna</u>	<u>9</u>
<u>Geðheilsuteymi suður</u>	<u>8</u>
<u>Geðheilsuteymi austur</u>	<u>17</u>
<u>Geðheilsuteymi vestur</u>	<u>26</u>
<u>Horft til framtíðar</u>	<u>32</u>
<u>Viðauki</u>	<u>33</u>



GEÐHEILSUTEYMI HH

ÞJÓNUSTA TEYMANNA

- Fyrir 18 ára og eldri sem vegna geðvanda þurfa þverfaglega þjónustu.
- 2.stigs sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta fyrir einstaklinga með meiri þjónustupörf en hægt er að veita í almennri heilsugæslu, en þar sem ekki er þörf á innlögn.
- Þjónustuþegar eru oft með fjölþættan heilsufarslegan vanda.
- Meðferðin er byggð á gagnreyndum aðferðum og unnið eftir klínískum leiðbeiningum.
- Einstaklingsmiðuð meðferð og endurhæfing sem byggir á batahugmyndafræðinni með áherslu á styrkleika, lífsgæði og valdeflingu.
- Samvinna við heilsugæsluna, Landspítala, VIRK, félagsþjónustu og virkniúrræði.
- Meðal meðferðartími er 9-12 mánuðir.
- Árið 2023 fengu geðheilsuteymin samtals 813 tilvísanir.
- Flestar tilvísanir bárust frá heilsugæslunni eða tæplega 61%
- Í þjónustu teymanna voru samtals 578 einstaklingar á árinu 2023.


ÞRÓUNIN

- Mikil uppbygging, vöxtur og þróun hjá teymunum frá stofnun 2017.
- Aukinn undirbúningur fyrir meðferð með undirbúningshópum og fræðslu sem miðar að því að hjálpa notendum að setja sér markmið og vera virkir þátttakendur í eigin meðferð.
- Virk þátttaka notenda í að próa þjónustuna, bæði með ráðningu notendafulltrúa og með þjónustukönnunum og mati notenda á námskeiðum og fræðslu sem í boði er.
- Aukið framboð á námskeiðum og fræðslu fyrir notendur og aðstandendur.
- Áhersla lögð á gagnsæi, gagnsemi og árangur.
- Gæðavísar próaðir.
- Starfsfólk geðheilsuteymanna sinnir í auknum mæli verknámi innan heilbrigðiskerfisins.




ÞJÓNUSTUSVÆÐI GEÐHEILSUTEYMA

- **Vestur** – Vogar, Laugardalur, Hlíðar, Fossvogur, Miðbær, Vesturbær og Seltjarnarnes
- **Austur** – Árbær, Breiðholt, Grafarholt, Grafarvogur, Kjalarnes, Mosfellsbær og Norðlingaholt
- **Suður** – Garðabær, Hafnarfjörður og Kópavogur




SAMEIGINLEG TÖLFRÆÐI

ALDURSSAMSETNING OG KYNJAHLUTFALL



Fjölmenntasi aldurshópur allra teymanna er 30-39 ára





Konur eru meirihluti þjónustuþega í öllum teymum



SAMEIGINLEG TÖLFRAEÐI

TILVÍSANIR EFTIR STOFNUNUM, FJÖLDI TILVÍSANA OG ÚTSKRIFTIR



Flestar tilvísanir í geðheilsuteymin komu frá Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins



NÁMSKEIÐ GEÐHEILSUTEYMANNA

EFTIRFARANDI NÁMSKEIÐ VORU Í BOÐI ÖLLUM TEYMUNUM ÁRIÐ 2023

- Inntökufræðsla
- HAM við lágu sjálfsmati
- Eldhúspjálfun
- Aðstandendafræðsla
- Batanámskeið
- Heilsunámskeið

ÖNNUR NÁMSKEIÐ SEM VORU HALDIN ÁRIÐ 2023

- Almenn fræðsla í GHA
- Áfallanámskeið í GHA
- Ákveðniþjálfun í GHV
- HAM við kvíða og þunglyndi í GHA og GHV
- Hugarefling í GHS
- Núvitundarmiðuð hugræn meðferð (MBCT) í GHV
- Róum taugakerfið í GHV



GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR

Teymið hefur verið í vexti allt frá stofnun þess árið 2020. Aukið fjármagn hefur gert teyminu kleift að bæta við tveimur nýjum stöðugildum sem gerir teyminu færð að sinna fleiri skjólstæðingum.

Í takt við þarfir skjólstæðingahópsins hefur þekking á áfallameðferð innan teymisins verið aukin. Bæði í gegnum símenntun og nýráðningar.

Á seinni hluta árs fékk teymið kærkomna rýmkun á húsnæði sínu sem gerir teyminu kleift að þróa starfsemi sína enn frekar.

Mannauðurinn er kjarni og undirstaða starfseminnar. Nokkrar mannabreytingar voru á árinu. Nýjum starfsmönnum hefur gengið vel að aðlagast og hafa sett mark sitt á starfsemina. Eftir sem áður er það viðvarandi verkefni að hlúa að starfsfólki og skapa rými til að nýta þekkingu þeirra og sköpunarkraft í þágu þjónustunnar. Teymið hefur verið ákaflega lánsamt að búa yfir sterkum mannauði þar sem árangur, nýsköpun og gæði starfseminnar eru í forgrunni. Grunnurinn að því hefur verið góður starfsandi og traust innan starfsmannahópsins. Góðar niðurstöður teymisins úr könnuninni Stofnun ársins gefa það einnig til kynna.



Starfsfólk Geðheilsuteymis suður á starfsdegi teymisins í október 2023



GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR



Innri starfsemi

Starfsfólk teymisins hefur lagt metnað í að taka vel móti nemum sem hafa komið frá fjölbreyttum námsleiðum innan heilbrigðiskerfisins.

Markmið teymisins er ávallt að veita bestu mögulegu þjónustu við okkar skjólstæðinga þar sem þekking og reynsla starfsfólks í samvinnu við skjólstæðinginn skapar góðan jarðveg fyrir bata. Einn mikilvægasti liður í því er að tryggja og hvetja starfsfólk til endurmenntunar og tryggja aðgengi þeirra að henni.

Eftirspurn eftir þjónustu teymisins hefur haldist nokkuð stöðug milli ára. Árlega berst teyminu rúmlega 300 tilvísanir og 70% fullnægjandi tilvísana eru samþykktar í matsviðtal. Ef ekki er metinn þörf á þjónustu er vísað í önnur úrræði.



GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN Á ÁRINU

Á árinu hafa verið stigin mikilvæg skref í átt með bættu og endurskoðuðu verklagi. Mikilli vinnu hefur í gegnum tíðina verið varið til að styðja við bætt lífsmynstur s.s. svefn, virkni og mataræði. Eins og gefur að skilja er það mikilvægur grunnur fyrir skjólstæðinga til að geta nýtt sér þjónustuna. Reynslan sýnir að ef mæting í meðferð er slök frá upphafi þá skilar hún takmörkuðum árangri og fólk er síður líklegt til þess að ljúka meðferð. Slíkt eykur jafnframt líkur á myndun biðlista. Það er viðvarandi verkefni starfsfólks teymisins að veita skjólstæðingum aðhald varðandi mætingu.

Þeirri nýbreytni hefur verið komið á að í upphafi meðferðar þurfi allir skjólstæðingar að mæta í inntökufræðslu auk fjögurra almennra fræðsluerinda um grunnþætti heilbrigðis, svefn, mataræði, virkni/hreyfingu og markmiðasetningu. Nái skjólstæðingar ekki að ljúka þessum fræðsluerindum á innan við 8 vikum án viðhlítandi skýringa er viðkomandi útskrifaður.

Vonir standa til að með þessu megi auka skilvirkni og draga enn frekar úr bið eftir meðferð.

ATH: Meðal biðtími frá því að tilvísun berst teyminu og þangað til að inntökuferlið hefst hefur frá upphafi aldrei verið lengri en 8 vikur sem er vel undir viðmiðum frá embætti landlæknis hvað varðar biðtíma eftir meðferð sérfræðinga (90 dagar).



Íris Dögg Harðardóttir, svæðis- og fagstjóri GHS



GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR

SUMARFRÆÐSLA

Annað árið í röð bauð teymið frá miðjum júní fram í miðjan ágúst skjólstæðingum sínum upp á fræðsluerindi. Markmiðið með því var að tryggja samfellda meðferð yfir sumarleyfistímann.

Erindin voru fjölbreytt og miðuð að þörfum skjólstæðinga. Framboðið jókst milli ára og mikill metnaður var lagður í efnistöð. Hvert fræðsluerindi var haldið 3-4 sinnum yfir sumarið. Ávinningur er metinn góður þar sem skjólstæðingar eru virkir í meðferð allan þjónustutímann.

Eftirfarandi fræðsluerindi stóðu skjólstæðingum til boða auk opinna tíma sumarið 2023:

- | | |
|----------------------|----------------------------|
| ▪ Svefnvenjur | ▪ Meðvirkni |
| ▪ Jákvæð sálfræði | ▪ Matarvenjur |
| ▪ Sjálfsmynd | ▪ Áfallafræðsla |
| ▪ Markmiðasetning | ▪ Hreyfing út í náttúrunni |
| ▪ Lyfjafræðsla | ▪ ADHD fræðsla |
| ▪ Streita og slökun | ▪ Grautarkennsla |
| ▪ Tilfinningafræðsla | ▪ Bati |



GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR

AFDRIF EFTIR ÚTSKRIFT


56% útskrifaðra skjólstæðinga fara eftir meðferð hjá teyminu í VIRK, virkniúrræði, vinnu eða nám.

34% útskrifast í 1. línu eða í eftirfylgd á heilsugæslu að meðferð lokinni.

6% útskrifast í 3.línu þjónustu.

Niðurstöður eru skýrar og í takti við niðurstöður fyrri ára. Ánægjulegt er að sjá svo hátt hlutfall skjólstæðinga fara í starfsendurhæfingu, nám eða vinnu eftir meðferð hjá teyminu.


Niðurstöður matslista benda eindregið til þess að meðferðin skili skjólstæðingum sem sinna og mæta vel, bættri heilsu.




GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR

ÁRANGURSMÆLINGAR

ÞJÓNUSTUÞÖRF



Við innskrift mældust 86% skjólstæðinga með miðlungs til alvarlegri þjónustupörf.
Einungis 14% skjólstæðinga mældust með lágmarks til vægri við upphaf þjónustu.




Við útskrift mældust 67% skjólstæðinga í engri til vægri þjónustupörf.



GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR


ÁRANGURSMÆLINGAR

KVÍÐA OG ÞUNGLYNDISKVARÐAR



Niðurstöður sýna að 81% skjólstæðinga mældust samkvæmt matslistum með miðlungs alvarleg til alvarleg kvíðaeinkenni við upphaf þjónustu.

Við útskrift mældust 69% skjólstæðinga með væg til miðlungs kvíðaeinkenni.



Við upphafi þjónustu mældust 70% skjólstæðinga með miðlungs alvarleg til alvarleg þunglyndiseinkenni.

Viðsnúningur verður á meðferðartímanum og við útskrift mældust 55% skjólstæðinga með lágmarks til vægra þunglyndiseinkenna.




GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR

ÁRANGURSMÆLINGAR MAT Á LÍFSGÆÐUM


Niðurstöður sýna að í lok meðferðar eru 71% skjólstæðinga frekar til mjög ánægðir með lífsgæði sín.

Í upphafi meðferðar voru 48% skjólstæðinga frekar ánægðir til ánægir með lífsgæði sín.



GEÐHEILSUTEYMI SUÐUR

NIÐURSTÖÐUR ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI



Niðurstöður þjónustukönnunar við útskrift sýndu að 97% skjólstæðinga voru frekar ánægð til mjög ánægð með þjónustu teymisins.

Könnunin er mikilvægur liður í því að fá endurgjöf þjónustuþega og tryggja gæði þjónustu.

Brot af ummælum úr könnunni:

„Að koma í geðheilsu teymið bjargaði lífi mínu“

„Ég er gríðarlega þakklát fyrir að hafa komist í meðferð hjá Geðheilsu teyminu“

„Frábært starfsfólk í alla staði og mjög faglegt“

„Mín upplifun hjá teyminu var mjög jákvæð og hjálpleg“

„Kann ótrúlega vel að meta alla starfsmennina í teyminu min“

„Allt upp á 10!“



GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR

Þjónusta geðheilsuteymis austur hefur sem áður gengið vel eins og sjá má á þeim matslistum sem lagðir voru fyrir. Fjöldi skjólstæðinga í þjónustu var svipaður og á árunum á undan eða 196 einstaklingar, þar af voru 16 í langtíma þjónustu. Meðaltími í þjónustu voru 10 mánuðir en 12 mánuðir ef teknir eru frá þeir einstaklingar sem voru brottfall úr þjónustu út frá ýmsum ástæðum.

Í skjólstæðingahópnum eru 65% með þunglyndis- og kvíðagreiningu, auk þess er stór hluti að greinast með áfallstreituröskun. Því hefur skipt miklu máli að leggja fyrir ACE lista til að fá betri sýn á stöðu hópsins (sjá um ACE). Áfallameðferð er ávallt veitt í kjölfar áfallagreiningar ef þess er þörf. Ber þar helst að nefna CPT, EMDR eða NET. Margir eru einnig með flókin félagslegan vanda og því hefur samvinna við félagsþjónustu verið mikilvæg. Því miður hefur ekki náðst að endurnýja samninga við Reykjavíkurborg til að halda áfram samvinnu geðheilsuteymis og félagsþjónustu. Áframhaldandi samvinna hefur aftur á móti verið við Virk sem skiptir sköpum fyrir marga í skjólstæðingahópnum til að halda samfelli í meðferð.

Enginn biðtími er eftir þjónustu teymisins þar sem að þegar tilvísun berst fer hún strax fyrir fund inntökuteymis. Eftir það fer ákveðið ferli í gang þar til viðkomandi skjólstæðingur er innritaður í teymið.



Húsnæði Geðheilsuteymis austur við Stórhöfða 23



GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR

INNRA STARF

Mönnun teymisins hefur verið stöðug á árinu og því gafst tími til að sinna nýsköpun.

Nýsköpun er mikilvæg í starfseminni bæði fyrir starfsmenn til að þróast enn frekar í starfi og ekki síður fyrir skjólstæðingana. Lögð er áhersla á að vera vakandi fyrir nýjum leiðum í meðferð þar sem breytileiki skjólstæðingahópsins kallar á reglulega endurskoðun meðferðar.

Til að efla málastjóra og aðra meðferðaraðila í vinnu með skjólstæðinga teymisins var innleidd markþjálfun sem viðbótarverkfæri í viðtölum. Markþjálfun á góða samleið með batahugmyndafræðinni þar sem skjólstæðingur er eflur með réttum spurningum til að finna eigin svör og ná tökum á líðan. Markþjálfunin gefur einnig góðan ramma utan um viðtöl og meðferð innan teymisins.



GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR



NÝSKÖPUN OG SAMVINNA

Hafin var undirbúningur að innleiðingu á námskeiðinu Streitustjórnun í samvinnu við fagaðila á Heilsustofnuninni í Hveragerði. Námskeið í streitustjórnun hefst fyrir skjólstæðinga teymisins í byrjun árs 2024.

Ný námskeið voru yfir sumartímann m.a. námskeið um meðvirkni og göngunámskeið. Göngunámskeið var sett af stað með það að markmiði að kynna gönguleiðir í nærumhverfi sem eina af mörgum leiðum til að efla heilsu.

Góð samvinna var við HA, HR og HÍ, þar sem tekið var á móti nemum í hjúkrun, félagsráðgjöf og sálfræði. Einnig hjúkrunarfræðingi í meistaranámi í geðhjúkrun og sjúkraliða í diplómanámi í geðhjúkrun. Öllum nemum bauðst handleiðsla, fræðsla og stuðningur. Rík hefð hefur skapast hjá starfsmönnum teymisins að vera virk í að veita fræðslu og handleiðslu á jafningjagrunni.

Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, svæðis- og fagstjóri GHA




GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR

ACE LISTI

Rannsóknir undanfarinna ára m.a. rannsókn dr. Vincent Felitti sýna áhrif erfiðra uppvaxtarskilyrða og áfalla í æsku á heilsu og velsæld síðar á ævinni. Í rannsókninni voru skilgreind 10 algengustu áföll og erfiðar reynslu í uppvexti þátttakenda fram að 18 ára aldri sem sýndu fram á sterk tengsl milli fjölda þessara áfalla eða ACE-stiga við andlegan, líkamlegan og félagslegan vanda á fullorðinsárum.

Á ACE listanum eru 10 spurningar og þeim skipt í já eða nei svör. Hvert já svar gefur 1 stig, mest hægt að fá 10 stig. Þeir einstaklingar sem **eru með 4 stig eða fleiri** eru talsvert líklegri en einstaklingar með engin ACE-stig til að stríða m.a. við fíknisjúkdóm, þunglyndi, sykursýki, langvinna lungnateppu, krabbameini og hjarta- og æðasjúkdóma. Auk þess að verða fyrir kynferðisofbeldi og/eða atvinnumissi.

ACE STIG (N=58)



GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR


AFDRIF EFTIR ÚTSKRIFT

Við útskrift þá ber helst að nefna að 37% fóru í VIRK, nám, vinnu eða önnur endurhæfingarúrræði.

Þeir sem fara í vægara þjónustustig, það er á heilsugæslu í eftirfylgd eða eru á eign vegum og þurfa ekki stuðning eru 47%

Þetta eru afar góðar niðurstöður miðað við þyngd hópsins sem speglast í niðurstöðum á ACE listanum. Einnig þar sem erfiðar félagslegar aðstæður hafa ávallt einkennt hópinn sem teymið sinnir.


Hvað varðar önnur afdrif þá voru ýmsar ástæður, eins og að afþakka þjónustu, hætta að mæta eða fóru í annað þjónustuúrræði.



GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR

NIÐURSTÖÐUR ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI

Á heildina litið, hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þjónustuna?



- Mjög ánægð/ur
- Frekar ánægð/ur
- Í meðallagi ánægð/ur
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur

Á heildina litið voru skjólstæðingar teymisins ánægðir með þjónustuna. Þar sem 92% voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir. Niðurstöður þjónustukönnunar eru ávallt kynntar á starfsmannafundi. Farið yfir það sem betur má fara og það sem skjólstæðingar eru ánægðir með.

"Takk kærlega fyrir þessa þjónustu og allt sem ég lærði"

"Að mínu mati er þjónustan mjög góð og allir svo æðislegir"


"Allt er frábært, engu að breyta"

"Þökkum fyrir lífsbjörgina"




GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR

ÁRANGURSMÆLINGAR



Við innskrift voru 76% með miðlungs/alvarlega til alvarlega þjónustugæðing.




Við útskrift voru 66% með enga til væga og miðlungs þjónustugæðing




GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR

ÁRANGURSMÆLINGAR



Niðurstöður sýna að 77% skjólstæðinga mældust samkvæmt matslistum með miðlungs alvarleg til alvarleg kvíðaeinkenni við upphaf þjónustu. Við útskrift mældust 63% skjólstæðinga með væg til miðlungs kvíðaeinkenni.



Við upphafi þjónustu mældust 72% skjólstæðinga með miðlungs alvarleg til alvarleg punglyndiseinkenni. Viðsnúningur verður á meðferðartímanum og við útskrift mældust 37% skjólstæðinga með lágmars til vægra punglyndiseinkenna.



GEÐHEILSUTEYMI AUSTUR

ÁRANGURSMÆLINGAR


MAT Á LÍFSGÆÐUM

Við upphaf þjónustu voru 40% frekar ánægðir til mjög ánægðir með lífsgæði sín en 60% við útskrift.

Erfitt getur verið að bæta enn frekar lífsgæði ef áhrifa gætir frá slæmri fjárhagsstöðu og slakri líkamlegri heilsu.

LÍFSGÆÐAKVARÐI (N=66)

■ QOLS við upphaf þjónustu ■ QOLS við útskrift



GEÐHEILSUTEYMI VESTUR

INNRI STARFSEMI

Frá því að GHV hóf störf 2018 hefur starfsemin aukist jafnt og þétt. Mikil þróun og nýsköpun hefur átt sér stað með umbótaverkefnum og bestun verkferla.

Rúmlega 100 manns voru í virkri meðferð á hverjum tíma, en hlutfall þeirra sem þarfnast lengri meðferðar en 1 árs hefur aukist í 43%.

Mannauðurinn er hjartað í starfseminni og hefur öflug teymisvinna, áhersla á formlega innleiðingu nýrra starfsmanna með mentor, endurmenntun, þjálfun og faghandleiðsla skilað sér í góðri útkomu í starfsánægjukönnunum og árangri í meðferð.

Á upptökusvæði GHV er mikil þjónustuþyngd og eftirspurn og hefur biðtími verið helsta áskorunin. Áhersla hefur verið lögð á að stytta biðtíma og hefur tekist að stytta biðtímann frá 9 mánuðum í upphafi árs niður í 4 mánuði í lok árs. Markvisst er unnið með biðlistann með því að bjóða einstaklingum í undirbúningsfræðslu, færa þeim gögn til að hefja undirbúning meðferðar og benda á úrræði sem hægt er að nýta á biðtíma.



HRönn Harðardóttir, svæðis- og fagstjóri GHV



GEÐHEILSUTEYMI VESTUR

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUNARVERKEFNI


- Stöðugt bætist í fræðslu, námskeið og hópmeðferð
- Á árinu bættust við námskeið í ákveðniþjálfun, námskeið um taugakerfið og slökun, námskeið um meðvirkni
- Boðið var upp á sumarnámskeið í fyrsta sinn.
- Til viðbótar við ýmiss konar sértæka sálfræðimeðferð er nú boðið upp á EMDR áfallameðferð hjá teyminu.
- Innleiðing vitrænnar endurhæfingar
- Þróunarverkefni um samráðsgeðþjónustu (Liaison) felst í að byggja brú milli 2. og 1. línu þjónustu til að bæta þjónusta við einstaklinga með geðraskanir í þjónusta heilsugæslu
- Gæðaskjal próað sem heldur utan um skráningu og árangursmælingar




GEÐHEILSUTEYMI VESTUR

ÁRANGURSMÆLINGAR

ÞJÓNUSTUÞÖRF



Við innskrift voru 89% skjólstæðinga með miðlungs til alvarlega þjónustupörf. Einungis 11% voru með enga til væga þjónustupörf við innskrift.



Við útskrift voru 39% með miðlungs til alvarlega þjónustupörf. Alls voru 61% með enga til væga þjónustupörf við útskrift.




GEÐHEILSUTEYMI VESTUR

ÁRANGURSMÆLINGAR

MAT Á LÍFSGÆÐUM


Niðurstöður sýna að við upphaf þjónustu voru 44% frekar ánægðir til mjög ánægðir með lífsgæði sín.

Við útskrift voru 80% þjónustuþega frekar ánægðir til ánægðir með lífsgæði sín.



GEÐHEILSUTEYMI VESTUR

NIÐURSTÖÐUR ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI



Niðurstöður þjónustukönnunar við útskrift sýndu að 89% skjólstæðinga voru frekar ánægð til mjög ánægð með þjónustu teymisins.

Brot af ummælum úr könnunni:

„Já ég er ævinlega þakklát fyrir þessa meðferð, þjónustu og meðferðaaðilana sem hjálpuðu mér.“

„Ég get ekki mælt nógu mikið með þessari teymi, ég fékk alla þá hjálp sem ég þurfti og þetta teymi greip mig alveg þegar ég þurfti á því að halda“

„Mjög ánægð. Sú þjónusta sem mér var boðin og takturinn í samræmi við heilsu mína. Meðferðin hefur skilað árangri. Takk fyrir mig.“

„Mjög gott teymi sem hefur aðstoðað mig mikið við að takast á við þunglyndi og gefið mér góð verkfæri fyrir framtíðina“


„Já bara að mér finnst þetta besta endurhæfing sem ég hef farið í. Þetta hefur hjálpað mér mest af öllu sem mér hefur boðist!“



GEÐHEILSUTEYMI VESTUR

AFDRIF EFTIR ÚTSKRIFT

- 6% er vísað í 3.línu meðferð
- 3% vísað í annað teymi innan 2.línu þjónustu HH
- 81% einstaklinga útskrifast í vægara þjónustustig, heilsugæslu eða til annarra m.a. á stofu.
- 10% vantar upplýsingar



HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Geðheilsuteymin hafa undanfarin ár mótað sína sérstöðu sem öflugt meðferðarúrræði innan heilbrigðiskerfisins. Mikil vinna hefur verið að koma starfsemi teymanna á þann stað sem þau eru í dag og ná góðum árangri í þjónustu við skjólstæðinga sína, líkt og ársskýrslan sýnir.

Framtíðarsýn geðheilsuteymanna er að styrkja og standa vörð um þá mikilvægu þjónustu sem teymin veita. Það er ljóst að 2.stigs geðheilbrigðisþjónusta er mikilvægur hlekkur bæði fyrir 1.stigs þjónustu heilsugæslu og 3.stigs geðþjónustu Landspítala.

Kennsluhlutverk geðheilsuteymanna er mikilvægt fyrir framtíðar heilbrigðisstarfsmenn en það þarf að tryggja geðheilsuteymum sama aðgengi að sérnámsplássum og nemaplássum og á öðrum stofnunum, sérstaklega sérnám í geðlækningum, heimilislækningum, geðhjúkrun auk meistaranema í sálfræði, félagsfræði og öðrum fagstéttum. Geðheilsuteymin hafa sinnt verknámi nema í grunnnámi í hjúkrunar- og læknisfræði. Fjöldmörg námstækifæri eru innan geðþjónustu HH og mikilvægt að nýta mannauð í meira mæli og skapa framtíðar starfsvettvang fyrir fagfólk.

Brýnt er að efla 1.stigs þjónustu heilsugæslunnar til að vinna meira í forvörnum, efla sálfræðiþjónustu, styrkja heilsuefandi móttökur en einnig að byggja brýr milli þjónustustiga, líkt og Heilsubrú. Einnig hefur vísir að samráðsgeðþjónustu gefið góða raun og væru mikil sóknarfæri í að efla þá þjónustu og geta boðið sem víðast.

Efla þyrfti geðhjúkrun innan heimahjúkrunar.

Stjórnvöld hafa styrkt geðheilsuteymin með auknum fjárveitingum undanfarin ár sem hafa nýst til að auka og efla þjónustuna með fjölgun stöðugilda.

Brönn Harðardóttir, svæðis- og fagstjóri GHV
Íris Dögg Harðardóttir, svæðis- og fagstjóri GHS
Sigríður Brönn Bjarnadóttir, svæðis- og fagstjóri GHA



SÉRSTAKAR ÞAKKIR FYRIR AÐKOMU OG UMSJÓN ÁRSSKÝRSLU

MARÍA ÓSK STEFÁNSDÓTTIR, SKRIFSTOFUSTJÓRI GHS

AÐ GERÐ ÁRSSKÝRSLU KOMU EINNIG:

ANNA KATRÍN JÓNSDÓTTIR, SKRIFSTOFUSTJÓRI GHA

SARA BRAGADÓTTIR, SKRIFSTOFUSTJÓRI GHV

ÓLÖF BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR, VERKEFNASTJÓRI GHV



HEILSUGÆSLA
HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

VIÐAUKI

LÝSINGAR Á MÆLITÆKJUM

- **Þjónustupörf (CORE 34):** Þjónustupörf er metin með Clinical Outcomes in Routine Evaluation – Outcome Measure (CORE-34) Kvarðinn inniheldur 34 atriði. Heildarstig eru flokkuð í sex flokka frá engri þjónustupörf til alvarlegrar. Heildarstig eru frá 0-136, hærri stigatala bendir til meiri þjónustubarfar.
- **Lífsgæðakvarði (QOLS):** Á þessum lista leggja skjólstæðingar mat á lífsgæði sín út frá sextán þáttum, t.d. ánægju með fjárhagslega stöðu, heilsu, félagslega stöðu o.s.frv., og er hverjum þætti gefin stig frá 1-7. Heildarskor á listanum eru frá 16-112 þar sem lágt skor táknar að viðkomandi telji lífsgæði sín lítil og hátt skor að hann telji þau mikil.
- **Kvíðaeinkenni (GAD-7):** Er sjö spurninga sjálfsmatskvarði sem ætlað er að meta alvarleika almennra kvíðaeinkenna. Heildarstigafjöldi spannar 0-21 stig, þar sem 0-4 stig gefa til kynna minniháttar kvíðaeinkenni, 5-9 stig merkja væg einkenni, 10-14 stig þýða miðlungs einkenni og 15-21 stig mikil kvíðaeinkenni.
- **Þunglyndiseinkenni (PHQ-9):** Er matslisti sem samanstendur af níu spurningum sem ætlað er að meta alvarleika þunglyndiseinkenna. Heildarstigafjöldi spannar 0-27 stig, þar sem 0-4 stig benda til engra eða takmarkaðra einkenna, 5-9 stig gefa til kynna væg einkenni, 10-14 miðlungs einkenni, 15-19 miðlungs til alvarleg einkenni og 20-27 alvarleg einkenni.



GÆÐAVÍSIR Í GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU



Embætti landlæknis

Geðheilsuteymin fylgja leiðbeiningum embættis landlæknis varðandi gæðavísa í geðheilbrigðisþjónustu.

Gæðavísar eru tölulegir mælikvarðar, t.d. hlutfall eða prósentutala, sem geta gefið vísbendingar um gæði og öryggi, sem tengjast ferlum, skipulagi og árangri í heilbrigðisþjónustu. Markmið gæðavísa er að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að því að þessir þættir séu sýnilegir þannig að hægt sé að meta þjónustuna.

- Aðgengi - biðtími
- Aðgengi utan dagtíma
- Niðurstöður þjónustukannana
- Mat á sjálfsvígshættu með viðurkenndum aðferðum
- Notkun viðurkenndra mælikvarða við mat á kvíða og þunglyndi
- Efling geðheilbrigðis, svo sem varðandi svefn, næringu, hreyfingu, lyfjanotkun, fjölskyldu og vinnu
- Fræðsla um sjúkdóm, þ.e. Orsakir, einkenni, meðferð, horfur og von
- Þátttaka skjólstæðinga í eigin meðferðarferli

